

Mýrdalshreppur  
Gísli Gíslason,  
skipulagsfulltrúi  
Mýrarbraut 13  
870 Vík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. ágúst 2009  
Tilvísun: UST20090600064/ksj

## Tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009 - 2025

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps er barst Umhverfisstofnun 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009 - 2025. Erindinu fylgja uppdrættir, greinargerð og umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

### Greinargerð

Í umfjöllun um stofnmarkmið sveitarfélagsins kemur fram að: „*Gæta skal náttúruverndarsjónarmiða í öllum aðgerðum í samræmi við Ríó-samþykktina og aðrar alþjóðlegar samþykktir, sem fjalla um sjálfbæra þróun. Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma litið og stefnt er að því að Mýrdalshreppur verði í fararbroddi í sjálfbærri auðlindanotkun og minnkandi umhverfisálagi*“. einnig segir: „*Efnahagsleg sjónarmið þurfa því ávallt að taka mið af þeim kostum sem náttúran býður uppá*“. Að mati Umhverfisstofnunar stangast þessi stefnumótun á við þá niðurstöðu sveitarstjórnar um að framtíðarvegur um Mýrdal fylgi s.k. neðri veglínu um Dyrhólhverfi, sem er auðkennd sem Leið 3 í skýrslu Vegagerðarinnar. Að mati Umhverfisstofnunar yrði náttúruverndarsjónarmiða helst gætt, yrði leiðin er liggur fjærst Dyrhólaósi fyrir valinu. Með því að velja Leið 3 er valin veglína sem að hluta er inni á svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun ítrekar umsögn sína frá 17. febrúar 2006 þar sem fram kemur það mat Umhverfisstofnunar að vernda eigi Dyrhólaey, Dyrhólaós, fjörur við Dyrhólaey, þ.m.t. Reynisfjöru, og votlendi norðan við Dyrhólaós sem eina heild, enda um að ræða svæði sem er mikilvægt fyrir fuglalíf og svæði sem nýtur mikilla vinsælda meðal ferðamanna. Auk þess er þar að finna vistkerfi sem leggja ber áherslu á að vernda samkvæmt stefnumörkun íslenskra stjórnvalda.

### Starfsmarkmið í umhverfismálum

Fram kemur að eitt af starfsmarkmiðum aðalskipulagsins 2009 - 2025 sé að: „*það verði tekið tillit til stefnumörkunar Umhverfisstofnunar og náttúruverndanefndar í héraði*.“ Að mati Umhverfisstofnunar næst þetta markmið ekki og vísar stofnunin til framangreindrar

umsagnar þar sem skýrt kemur fram álit Umhverfisstofnunar um staðsetningu veglínu fyrir væntanlegan hringveg um Mýrdal og í nágrenni Víkur. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki tekið tillit til þess álits stofnunarinnar að vernda beri svæði nr. 708 á náttúruminjaskrá og votlendi norðan við Dyrhólaós sem eina heild.

### **Staðfest veglína**

Á bls. 29 í greinargerð aðalskipulagstillögunnar kemur fram að: „*Skipulagstillagan gerir ráð fyrir jarðgöngum gegnum Reynisfjall. Lega þjóðvegur að gangnamunnum hefur verið ákveðin og er staðfest í aðalskipulaginu*“. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ofangreindar veglínur falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en samkvæmt 2. viðauka laganna eru allir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá framkvæmdir sem eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Þá eru nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri meðal framkvæmda sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að halda fleiri en einum kosti um veglínu inni í aðalskipulaginu svo mismunandi valkostir séu fyrir hendi þegar umhverfisáhrif eru metin. Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við töflu bls. 31 í tillögunni þar sem bornir eru kostir um að stofnvegur verði lagfærður (valkostur 1) annars vegar og að jarðgöng (valkostur 2) komi til. Umhverfisstofnun telur að valkostur 1 hafi jákvæðari áhrif á líffræðilega fjölbreytni en valkostur 2, enda meir um nýlagningu vega í valkosti 2. Einnig myndi valkostur 2 hafa neikvæð áhrif á gróður og jarðmyndanir af sömu ástæðu.

### **Umhverfisskýrsla**

#### **Lýsing umhverfisþátta**

Fram kemur í umfjöllun um Mýrdalinn að: „*Votlendi og sjávarleirur eru í nágrenni Dyrhólaóss og ljóst er að gæta verður ýrtruðu varúðar verði farið um norðurjaðar hans með nýjan veg*.“ Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda til 2020 er það eitt af markmiðum sem fram koma í **Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi** að: „*Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands*“. Umhverfisstofnun vill ennfremur vekja athygli á að votlendissvæði er skilgreint mjög víðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra. Að mati Umhverfisstofnunar er því hætt á að nýr vegur um norðurjaðar Dyrhólaóss muni skerða votlendi beggja vegna veglínunnar. Í sama kafla kemur fram að: „*Almennt má segja um svæðið allt að lítið er um grunnrannsóknir*.“ Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að bíða með að fastsetja veglínu fyrir þjóðveg um Mýrdal, yfir eða gegnum Reynisfjall og áfram austur fyrir Vík, fyrr en gerð hefur verið bragabót á þessum skorti á grunnrannsóknum.

#### **Veglínur austan Reynisfjalls**

Austan Reynisfjalls eru settir fram 3 möguleikar á legu vegarins. Í umhverfismati um valkosti veglína austan Reynisfjalls er það talið jákvætt að Leið 3 skapi bætt aðgengi að Víkurfjöru. Að mati Umhverfisstofnunar mun Leið 3 þvert á móti skilja fjöruna frá byggðinni. Í umfjöllun um Leið 4 ofan Víkur kemur fram að sú leið hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði ofan byggðar. Að mati Umhverfisstofnunar er það kostur að Leið 4 hefur ekki neikvæð áhrif á svæði á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar eru það Leið 4 og Leið 5 sem hafa minnst umhverfisáhrif. Að mati stofnunarinnar hefur Leið 3 mikil neikvæð áhrif á aðgengi og upplifun í Víkurfjöru

#### **Veglínur milli Reynisfjalls og Brandslækjar**



Milli Reynisfjalls og Brandslækjar eru einnig settir fram 3 möguleikar á veglínunum. Mestu

umhverfisáhrifin eru af leið 3 og leið 4, enda eru þessar veglínur mikið til inni á eða alveg við svæði á náttúruminjaskrá. Fram kemur við skoðun kosta að jarðvegisdýpt og áhrif á votlendi eru ekki þekkt. Að mati Umhverfisstofnunar eru þær upplýsingar nauðsynlegar til þess að hægt sé að velja einn kost öðrum fremur. Að mati Umhverfisstofnunar er kosturinn Leið 3 óásættanlegur þar sem sú leið er mikið inni á svæði á náttúruminjaskrá. Leið 3 virðist einnig brjóta gegn skipulagsreglugerð nr. 400/1998 en þar segir í grein **4.15 Vötn ár og sjór í skipulagsáætlunum** : „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.“

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025. Stofnunin biðst velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllt

Ólafur A Jónsson



Gylfi Ástbjartsson

Afrit: Skipulagsstofnun